

Þróunarsjóður innflytjendamála 2011

Heiti verkefnis: Handbók um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í íþrótt- og frístundastarf

Nafn styrkþega: Kampur frístundamiðstöð

Útdráttur: Handbókin var unnin af verkefnastjórum í málefnum innflytjenda hjá frístundamiðstöðinni Kampi. Megin markmið handbókarinnar var að auka þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi. Frístundamiðstöðin Kampur vann verkefnið í samstarfi við þrjá samstarfsaðila í miðborg og hlíðum; Dansskólan Kramhúsið, Íþróttafélagið Val og Skátafélagið Landnema til að ná til breiðari hóps. Vinnslan við handbókina tók lengri tíma en lagt var upp með í byrjun og var vinnan endurhugsuð á haustmánuðum og útkoman þessi. Handbókin er leiðarvísir um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku að frekari þátttöku í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi. Í handbókinni er annars vegar rætt almennt um undirbúning og móttöku barna en hins vegar hvernig hægt er að stuðla að almennri vellíðan og öryggi foreldra í garð starfsins. Handbókin er uppsett með ákveðnum gátlista sem skiptist í eftirfarandi þætti: *Forvinna:* hvað er hægt að gera til að auðvelda barni með annað móðurmál en íslensku að taka þátt í frístundastarfi. *Móttaka:* hvað er hægt að gera til að barn og foreldrar skilji sem mest og að barninu líði vel á meðan það er hjá okkur og vilji koma aftur. *Hugarfar:* Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga. Í textanum er almennur gátlisti um hvað ber að hafa í huga við mót- töku en í baktexa eru frekari upplýsingar og útskýringar til stuðnings. Í handbókinni er bent á mikilvægi Frístundakortsins. Handbókin er „almenn“ í þeim skilningi að allir geti aðlagð hana að starfsemi sinni og útfært nánar eftir þeirri starfsemi sem notendur starfa við. Handbókin verður sett inná innri og ytri vef Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkur sem og mun hún vera senda út til allra þeirra aðila sem komu að verkefninu í von um að henni verði dreift til fleiri samstarfsaðila.